




Íþróttamiðstöðin Borg



Vetraropnun;

Mánudaga - Fimmtudaga kl. 14-22

Föstudaga **Lokað**

Laugardaga – Sunnudaga kl. 11-18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Páskaopnun;

*Skírdagur, föstudagurinn langi, páskadagur
og annar í páskum
opið kl. 11-18 alla dagana.*

Aðra daga venjuleg opnun

Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:

linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



HVATARBLAÐIÐ

TINTRON 30 ára afmæli

Laugardaginn 8. apríl næstkomandi eru 30 ár frá því að Hjálparsveitin Tintron var stofnuð, af því tilefni ætlum við að vera með opið hús hjálparsveitarinnar á Borg í Grímsnesi frá kl. 14:00 til 17:00.

Við bjóðum gestum að koma og þiggja léttar veitingar og líta yfir farinn veg með okkur.

**Allir hjartanlega velkomnir,
vonumst til að sjá sem flesta :)**





FUNDARGERÐ.

406. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 1. mars 2017 kl. 11.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Samantekt frá fundi um aðgerðir gegn ofbeldi.

Á fundinn kom Íris Anna Steinarrsdóttir, aðstoðarskólastjóri Kerhólsskóla og fór yfir samantekt frá fundi sem haldinn var til að leggja áherslu á að koma á svæðisbundnu samráði. Fram kom að meðal annars er ætlað að bæta verklag við fyrirbyggjandi aðgerðir og rannsóknir ofbeldismála með sérstakri áherslu á ofbeldi gegn börnum og fötluðu fólki. Samstarfið er viðtækt og felur í sér samráð milli félagsmálayfirvalda, barnaverndaryfirvalda, mennta- og heilbrigðiskerfis og lögreglu- og ákærvalds með þátttöku félagsamtaka.

2. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 15. febrúar 2017.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 15. febrúar 2017 liggur frammi á fundinum.

3. Fundargerðir.

a) Fundargerð 20. fundar æskulýðs- og menningarmála-nefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 30. janúar 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.



Grímsnes- og Grafningshreppur

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	13-16	13-15

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



Borg í sveit :)

- Alvöru sveitadagur í Grímsnes- og Grafningshreppi

Hver hefur ekki gaman af að fá gesti?

Laugardaginn 27. maí 2017 verður viðburðurinn Borg í sveit haldinn í þriðja skipti.

Viltu vera með og bjóða fólki heim? Langar þig að sýna þig og sjá aðra? Ertu með fyrirtæki sem þú vilt koma á framfæri? Hefur þú gaman af að fá gesti? Ef þú svarar einhverri þessara spurninga játandi þá hvetjum við þig til að skrá þig og vera með okkur á þessum skemmtilega degi.

Skráningu líkur 15. apríl 2017

Við hvetjum alla sem hafa áhuga á að taka þátt að skrá sig annað hvort í síma **691-6513** eða í gegnum tölvupóst **steinar@gogg.is**.



b) Fundargerð 128. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 23. febrúar 2017.

Mál nr. 20, 21, 22, 23, 24, 25 og 26 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 128. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 23. febrúar 2017. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 20: 1702027 - Neðan Sogsvegur 14 lnr. 169341: Breyting á afmörkun og stærð lóðar.

Fyrir liggur umsókn Herðísar Kristjánsdóttur, dags. 12. febrúar 2017 um að afmörkun og stærð lóðarinnar Neðan-Sogsvegur 14 lnr. 169341 verði breytt til samræmis við meðfylgjandi uppdrátt. Hnitsetning var gerð af Mælingu ehf. eftir upplýsingum í afsali dags. 23. maí 1963. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við hnitsetta afmörkun spildunnar með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi lands á landamörkum sem þá varða.

Mál nr. 21: 1702028 - Undirhlíð 51 lnr. 221454: Stækkun gestahúss: Fyrirspurn.

Lögð fram fyrirspurn Freys Gunnarssonar, dags. 31. janúar 2017 um hvort að heimilt verði að byggja 41 m² gestahús á lóðinni Undirhlíð 51. Að mati sveitarstjórnar samræmist það ekki skilmálum deiliskipulagsins að byggja 41 m² aukahús á lóðinni.

Mál nr. 22: 1702031 - Nesjavallavirkjun lnr. 170925: Sumarvarmalosun á Mosfellsheiði: Framkvæmdaleyfi.

Fyrir liggur umsókn Orku Náttúrunnar, dags. 15. febrúar 2017 um framkvæmdaleyfi fyrir niðurdælingu á holum HK – 35 og HK – 36 frá 1. apríl til 1. nóvember 2017. Á fundinn komu fulltrúar Orku Náttúrunnar, Heiða Aðalsteinsdóttir, Guðmundur Kjartansson og Einar Gunnlaugsson. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gefið verði út framkvæmdaleyfi með skilyrði um að boruð verði mælingarhola í rennslistefnu sem fram kemur í skýrslunni í samráði við Vatnaskil. Nauðsynlegt er að skýrslum verði skilað með jöfnu millibili svo sveitarstjórn hafi upplýsingar meðan á framkvæmdatímanum stendur. Jafnframt er gerður fyrirvari um umsögn Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Mál nr. 23: 1607005 - Nesjavellir 209139: Aukið byggingarmagn hótels: Deiliskipulag.

Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi sem nær til lóðar ION hótels á Nesjavöllum með lnr. 209139. Fyrirhugað er að byggja við núverandi hótél og bæta við um 22 herbergjum þannig að þau verði um 64 talsins. Núverandi hótél er um 2.300 m² að stærð en með deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að heildarbyggingarmagn verði allt að 3.830 m². Jafnframt liggja fyrir umsagnir Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar og Heilbrigðis-efstirlits Suðurlands um matslýsingu deiliskipulagsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að auglýsa deiliskipulagsbreytinguna skv. 1.m gr. 41. gr. skipulagslaga ásamt umhverfisskýrslu. Til viðbótar við fyrirliggjandi umsagnir þarf að senda tillöguna til Náttúrufræðistofnunar í samræmi við ábendingu Skipulagsstofnunar.

Mál nr. 24: 1702035 - Nesjavellir-Orkuver: Orkuvinnslusvæði: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 15. febrúar 2017 um breytingu á deiliskipulagi Nesjavalla. Í breytingunni felst að skipulagssvæðið næst lóð hótels ION minnkar um 0.5 ha til samræmis við stækkun hótellóðarinnar. Þá minnkar einnig hverfisverndarsvæði um 0.2 ha. Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu að ræða og samþykkir samhljóða að auglýsa hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er talin þörf á að grenndarkynna tillöguna.

Mál nr. 25: 1702041 - Útleiga á íbúðar- og sumarhúsum: Starfsreglur.

Farið yfir hugmyndir að samræmdum reglum varðandi útleigu á íbúðar- og sumarhúsum. Í ljósi nýrrar reglugerðar er að mati skipulagsnefndar ekki forsenda til að gefa út starfsleyfi fyrir útleigu á íbúðar- og sumarhúsum umfram 90 daga þar sem hús á slíkum svæðum hafa til þessa ekki verið samþykkt eða skráð sem atvinnuhúsnæði. Samþykkt að útbúa samræmdar starfsreglur fyrir aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins byggt á þessari túlkun.

Mál nr. 26: 1702002F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 17-48.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. febrúar 2017.



ÁRTANGI

**Páskablómin
og kryddið
færðu hjá
okkur :)**

Opið er alla virka daga frá 10-16
eða eftir samkomulagi.
Sími 669-0108.



**Saumaðkompan
Kringlu Grímsnesi**

Fataviðgerðir, gardínusaumur
og ýmiskonar einfaldur
saumaskapur

Elsa Jónsdóttir

Sími 486 4515

Tökum að okkur stór og smá verk:
tætingu, jarðvinnu, snjómokstur,
bílaflutninga & fólksflutninga,
6-11 farþega.



Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Öll almenn lögfræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506

siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson lögr. S: 662-4422

sverrir@landlogmenn.is

Land

LÖGMENN

Austurvegi 10, 2 hæð. 800 Selfoss

4. Kauptilboð í Borgarbraut 4.

Fyrir liggur kauptilboð og gagntilboð, dagsett 23. febrúar 2017 í Borgarbraut 4 að fjárhæð kr. 16,1 milljón. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi tilboð og felur oddvita / sveitarstjóra að undirrita kaupsamninginn.

5. Bréf frá Landgræðslu ríkisins vegna afgreiðslu umsóknar Grímsnes- og Grafningshrepps til Landbótasjóðs 2017.

Fyrir liggur bréf frá Landgræðslu ríkisins, dagsett 15. febrúar 2017 þar sem Grímsnes- og Grafningshreppi hefur verið úthlutað styrk að fjárhæð kr. 310.000 úr Landbótasjóði Landgræðslunnar. Bréfið lagt fram til kynningar.

6. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um XXXI. landsþing Sambandsins.

Fyrir liggur bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett 25. febrúar 2017 þar sem tilkynnt er að XXXI. landsþing Sambandsins verði haldið þann 24. mars n.k. á Grand Hótel í Reykjavík. Lagt fram til kynningar.

7. Bréf frá Jóni Sigurðssyni, formanni Meistarafélags húsasmiða vegna inntaksgjalda í Kiðjabergi.

Fyrir liggur bréf frá Jóni Sigurðssyni formanni Meistarafélags húsasmiða, dagsett 8. febrúar 2017 þar sem óskað er eftir 50% afslætti á inntaksgjöldum hitaveitunnar í íbúðarhúsið og golfskálann að Kiðjabergi. Sveitarstjórn hafnar beiðninni.

8. Bréf frá Sigurði Ástgeirssyni, verkefnastjóra Orkulausna vegna uppsetningar og tenginga við Ísorku.

Fyrir liggur bréf frá Sigurði Ástgeirssyni verkefnastjóra Orkulausna þar sem minnt er á að setja upp rafhleðslustöð Orkusölunnar ehf. og jafnframt að bjóða upp á að tengja stöðina við Ísorku sem er rekstrar- og upplýsingakerfi, jafnt fyrir rafbílaeigendur og rekstraraðila stöðvanna. Oddvita falið að skoða málið.

9. Beiðni um styrk frá Jakobi Þór Schram, f.h. Team Spark þróunarverkefni.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Jakobi Þór Schram, f.h. Team Spark þróunarverkefni, dags. 13. febrúar 2017 þar sem óskað er eftir styrk til liðsins vegna þátttöku þeirra Formula Student Italy og Formula Student Austria. Team Spark er þróunarverkefni við Verkfræði- og Náttúruvísindasvið Háskóla Íslands. Verkefnið snýst um að þróa, hanna og smíða eins manns rafmagnsknúinn kappakstursbíl frá grunni. Styrkbeiðnin er að fjárhæð kr. 10.000 – 50.000 kr. Sveitarstjórn hafnar styrkbeiðninni.

10. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Skyggnisbraut 2b, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 10. febrúar 2017 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Skyggnisbraut 2b, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar til samræmdar reglur um útleigu gististaða taka gildi.

11. Bréf frá Umhverfisstofnun þar sem óskað er aðstoðar sveitarfélagsins við mat fráveituframkvæmda.

Fyrir liggur bréf frá Umhverfisstofnun, dagsett 21. febrúar 2017 þar sem óskað er eftir aðstoð sveitarfélagsins við mat fráveituframkvæmda í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn vísar málinu til Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs.

12. Bréf frá Þjóðskrá Íslands vegna Íbúaskrár Grímsnes- og Grafningshrepps 1. desember 2016.

Fyrir liggur bréf frá Þjóðskrá Íslands, dagsett 13. febrúar 2017 vegna íbúaskrár Grímsnes- og Grafningshrepps 1. desember 2016. Samkvæmt íbúaskránni þann 1. desember 2016 er íbúafjöldi sveitarfélagsins 466, 199 karlar, 184 konur og 83 börn yngri en 18 ára. Sveitarstjóra falið að koma á framfæri þeim athugasemdum sem fram komu á fundinum.



Minnum á styrk til framhaldsskólanema



Eins og undanfarin ár mun Grímsnes- og Grafningshreppur veita framhaldsskólanemum 16-20 ára, þ.e. fyrir 8 fyrstu annirnar eftir grunnskóla, styrk að upphæð kr. 30.000.-

Þeir aðilar sem vilja nýta sér þetta eru beðnir um að senda vottorð um skólavist fyrir vorönn 2017 sem allra fyrst til skrifstofu sveitarfélagsins.

Hægt er að senda staðfestingu á netfangið stina@gogg.is



STARFSFÓLK ÓSKAST

Starfsfólk óskast til starfa við Íþróttamiðstöðina Borg.

Vantar starfsmann í sumarstarf í 100% stöðu

Aðeins 18 ára og eldri koma til greina.

Umsóknum skal skila til forstöðumanns

Íþróttamiðstöðvarinnar á Borg.

Umsóknarfrestur er til **10. apríl 2017**

Nánari upplýsingar gefur Rut Guðmundsdóttir

Netfang: sundlaug@gogg.is

eða í síma 899-8841 og 480-5530



Unglingavinna



Auglýst er eftir unglingum
14 til 16 ára (8.—10. bekkur)
í vinnuskóla sveitarfélagsins. frá
12. júní til og með 21. júlí 2017



Tekið er á móti skráningu á
Skrifstofu sveitarfélagsins
eða í síma 480-5500
til 20. apríl n.k.



Sveitarstjóri



**Skrifstofa Grímsnes- og Grafningshrepps
er opin mánudaga - föstudaga
frá kl: 8:00 - 15:00**

www.gogg.is

Prófaðu að auglýsa **frítt** í Hvatarblaðinu.

Allar fundargerðir má finna inn á www.gogg.is

Hvatarblaðið er á gogg.is

13. Endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps.

Á fundinn komu Pétur H. Jónsson og Haraldur Sigurðsson skipu-
lagshönnuðir. Farið var yfir stöðu mála á endurskoðun aðalskipu-
lags sveitarfélagsins.

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands.
Fundargerð 253. stjórnarfundar 15.02 2017.
- ✓ Hestamannafélagið Trausti, ársreikningur og ársskýrsla 2016.
- ✓ SÍBS blaðið, 1. tbl. 32. árg. 2016.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:30

Breytingar í Laugarási.

Hjá okkur í Laugarási hafa orðið nokkrar breytingar.
Sigurjón Kristinsson hefur hafið störf sem yfirlæknir.
Aðrir læknar koma að, eins og hefur verið undanfarið.
Þórður hefur hafið störf á Selfossi og verður ekki fast hjá
okkur lengur.

1. 1. apríl munu verða nokkrar breytingar hjá okkur,
við byrjum fyrr á morgnana og hættum fyrr.
Opnunartími verður frá 8 til 16. Fyrsti læknatím-
inn mun verða kl. 8:20 símatímarnir 2 á sömu
tímum og áður kl. 9-9:30 og kl. 13-13:30
2. Blóðprufur verða teknar á morgnana kl. 8:15 til
kl. 11, nauðsynlegt er að vera fastandi fyrir
blóðprufur, það er meira að marka niðurstöðurnar.
3. Lyfjaendurnýjun verður hjá ritara kl. 8-9
í síma 432 2020

Kær kveðja, Anna Ipsen
Hjúkrunarstjóri
HSU Laugarási.



Kótilettukvöld

Lionsklúbburinn Skjaldbreiður auglýsir kótilettukvöld á Minni-Borgum föstudaginn 21. apríl kl. 19:30.

Verð 3.800,- kr. á mann. Barinn opinn og bjór á tilboði.

Allir velkomnir á notalega samverustund.

Vinsamlegast pantið í síðasta lagi þriðjudaginn 18. apríl hjá:

Gústa á Stærri-Bæ í síma 863-9131

Með kveðju frá Lionsmönnum



Aðalfundur Skógræktarfélags Grímsness

verður haldinn á Seli miðvikudaginn
12. apríl kl. 20.00.

Hefðbundin dagskrá.

Mætum vel og tökum með okkur gesti.

Nýir félagar velkomnir.

Stjórn Skógræktarfélagsins



VINNUKRAFTUR Í VORVERKIN

Við í 10. bekk Kerhólsskóla erum að safna fyrir útskriftarferð.

Tökum að okkur ýmis verk gegn sanngjörnu gjaldi ☺.

Við erum 5 sprækir krakkar og ýmislegt til lista lagt, getum tínt rusl, málað, tekið til og margt fleira.

Ef þið hafið verkefni fyrir okkur þá hringið í síma 892-8180 (Ragna mamma) eða 846-3378 (Helga mamma).



Stóra upplestrarkeppnin var haldin með hátíðarbrag í Reykholti, þar sem nemendur frá sex skólum lásu bæði texta og ljóð. Embla Líf og Guðmundur Björgvin fóru fyrir hönd Kerhólsskóla og stóðu sig með miklum sóma.



til styrktar ferðasjóðs 8.— 10. bekkjar
Kerhólsskóla

verður þriðjudaginn 11. apríl

í Félagsheimilinu Borg kl. 19.00

1. Spjald og pizzasneið í hléi
kostar kr. 1.000,-

Aukaspjald kostar kr. 250.-



FUNDARGERÐ.

407. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 15. mars 2017 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Ingibjörg Harðardóttir

Björn Kristinn Pálmarsson í fjarveru Gunnars Þorgeirssonar

Ása Valdís Árnadóttir í fjarveru Harðar Óla Guðmundssonar

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 1. mars 2017.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 1. mars 2017 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 59. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 21. febrúar 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 129. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 9. mars 2017.

Mál nr. 26, 27 og 28 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 129. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 9. mars 2017. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 26: 1702013 - Villingavatn: Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús – viðbygging.

Fyrir liggur umsókn Stefáns Kristjánssonar, dags. 6. febrúar 2017 um leyfi til að byggja 74 m² við sumarhús á lóð úr landi Villingavatns með lnr. 170947. Heildarstærð eftir stækkun er 165 m² og 508,8 m³. Samkvæmt fasteignaskrá er lóðin 3.926 m² og er þar skráð 86,5 m² sumarhús, 10,6 m² geymsla og 25,6 m² bátaskúr. Að mati sveitarstjórnar er umsóknin ekki í samræmi við almennar reglur sem gilda um stærðir frístundahúsa í sveitarfélaginu. Almennt hefur verið miðað við að nýtingarhlutfall lóða sé 0.03, með þeirri undantekningu að á vissum svæðum hefur verið miðað við að á lóðum sem eru minni en 0.5 ha geti byggingarmagn lóðar verið allt að 120 m². Á lóðinni eru þegar skráð mannvirki sem eru samtals um 123 m². Umsókn er hafnað.

Mál nr. 27: 1702041 - Útleiga á íbúðar- og sumarhúsum: Starfsreglur.

Lögð fram til kynningar drög að starfsreglum varðandi veitingu leyfa til gístireksturs. Málinu frestað.

Mál nr. 28: 1702004F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 17-49.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. mars 2017.

c) Fundargerð 10. fundar nefndar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árnesþingi (NOS), 6. mars 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð 24. fundar stjórnar byggðarsamlagsins Bergrisans bs., 20. febrúar 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.



STÆRÐFRÆÐIDAGURINN

Þann 3. febrúar var dagur stærðfræðinnar. Unglingarnir okkar, 8.- 10. bekkur skipulögðu og sáu um stærðfræðistöðvar fyrir yngri nemendur í tilefni dagsins. Þetta gekk allt mjög vel og krakkarnir skemmtu sér vel við mælingar, pizzugerð, hönnun, byggingu, keilu, bingó, spil og margt fleira.

Stærðfræði er stuð



3. Tjaldstæðið á Borg.

Fyrir liggja tvær umsóknir um reksturinn á Tjaldstæðinu á Borg. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ganga til samninga við Guðmund Jónsson.

4. Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. vegna aðalfundar Lánasjóðsins þann 24. mars n.k.

Fyrir liggur bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. þar sem tilgreint er að aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. verði haldinn þann 24. mars n.k. Eins og áður hafði verið samþykkt verður Gunnar Þorgeirsson, oddviti fulltrúi sveitarfélagsins á aðalfundinum og Ingibjörg Harðardóttir til vara. Bréfið lagt fram.

5. Bréf frá Forsætisráðuneytinu vegna fundar sem ráðuneytið hyggst halda á Gömlu Borg þann 29. maí n.k. um málefni þjóðlendna.

Fyrir liggur bréf frá Forsætisráðuneytinu, dagsett 3. mars 2017 þar sem kynnt er að ráðuneytið hyggst halda fund um málefni þjóðlendna á Gömlu Borg, mánudaginn 29. maí n.k. kl. 9:00. Bréfið lagt fram til kynningar.

6. Bréf frá Landssamtökum landeigenda á Íslandi vegna aðalfundar félagsins.

Fyrir liggur bréf frá Landsambandi landeigenda á Íslandi þar sem boðað er til aðalfundar og málþings, fimmtudaginn 23. mars n.k. á Hótel Sögu. Lagt fram til kynningar.

7. Bréf frá Guðlaugu Ósk Svansdóttur f.h. vinnuhóps um stofnun Ungmennaráðs Suðurlands, þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið tilnefni fulltrúa í ráðið og veiti umsögn um erindisbréf fyrir ráðið.

Fyrir liggur bréf frá Guðlaugu Ósk Svansdóttur f.h. vinnuhóps um stofnun Ungmennaráðs Suðurlands, dagsett 27. febrúar 2017 þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið tilnefni fulltrúa í ráðið og veiti umsögn um erindisbréf fyrir ráðið. Sveitarstjórn felur Ungmennaráði Grímsnes- og Grafningshrepps að taka erindisbréfið fyrir og tilnefna sér fulltrúa og varafulltrúa. Umsögn og tilnefningu skal skila til sveitarstjóra.

8. Beiðni um styrk frá nemendum í 4. bekk Menntaskólans að Laugarvatni.

Fyrir liggur beiðni um styrk frá nemendum í 4. bekk Menntaskólans að Laugarvatni vegna útskriftarferðar þeirra. Um er að ræða áheitaþing þar sem skólameistari Menntaskólans, Halldór Páll Halldórsson verður dreginn í Sulky hestvagni uppsveitahringinn eða um það bil 64 km. Áætlað er að áheitaþingið verði þann 6. apríl n.k. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita styrk að fjárhæð kr. 30.000 sem felst í að logo sveitarfélagsins verði á vestum sem hlauparar munu klæðast.

9. Úrskurður Úrskurðarnefndar um skólagöngu fósturbarna milli Grímsnes- og Grafningshrepps og Reykjavíkurborgar.

Fyrir liggur Úrskurður Úrskurðarnefndar um skólagöngu fósturbarna milli Grímsnes- og Grafningshrepps og Reykjavíkurborgar. Ágreiningur var á milli sveitafélaganna um hvaða greiðslu Reykjavíkurborg skildi greiða til Grímsnes- og Grafningshrepps vegna barns utan lögheimilissveitarfélags. Úrskurðurinn lagður fram til kynningar.

10. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Klausturhólum 10, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 28. febrúar 2017 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Klausturhólum 10, Grímsnes- og Grafningshreppi. Þann 13. mars 2017 barst sveitarfélaginu tölvupóstur frá Sýslumanninum á Suðurlandi þar sem greint var frá því að umsóknin hefði verið dregin til baka.





11. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Öldubýggð 13, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 5. september 2016 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Öldubýggð 13, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir afriti af rekstarleyfi þegar það er gefið út.

12. Bréf frá Þjóðskrá Íslands um breytt fasteignamat í Kiðjabergi lóð 74.

Fyrir liggur bréf frá Þjóðskrá Íslands, dagsett 3. mars 2017 þar sem tilkynnt er um breytt fasteignamat í Kiðjabergi lóð 74. Bréfið lagt fram til kynningar.

13. Bréf frá Orkustofnun þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins við umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita á Nesjavöllum.

Fyrir liggur bréf frá Orkustofnun, dagsett 2. mars 2017 þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins við umsókn Orku náttúrunnar um nýtingarleyfi á jarðhita á Nesjavöllum. Sveitarstjóra og oddvita falið að afla frekari gagna og senda umsögn til Orkustofnunar.

14. Tölvupóstur frá Hrafnkeli Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins vegna breytingar á svæðisskipulaginu „Höfuðborgarsvæðið 2040“.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Hrafnkeli Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins, dags. 10. mars 2017 þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins vegna breytinga á svæðisskipulaginu „Höfuðborgarsvæðið 2040“. Erindið lagt fram.

15. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingar á lögum um verslun með áfengi og tóbak ofl. (smásala áfengis), 106. mál.

Frumvarpið lagt fram.

Árshátíð Kerhólsskóla

2017



16. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um orlof húsmæðra (afnám laganna), 119. mál.

Frumvarpið lagt fram.

Til kynningar

- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 847. stjórnarfundar, 24.02 2017.
- ✓ Kvenfélag Grímsneshrepps, ársreikningur og ársskýrsla 2016.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:20



Aðalfundur UMF HVATAR

verður haldinn sunnudaginn
9. apríl klukkan 11:00 í Félagsmiðstöðinni á Borg.
Venjuleg aðalfundastörf.

Þau börn sem hafa mætt í íþróttaskólann fá afhent
viðurkenningarskjal.

Páskaeggjaleit verður strax eftir fundinn fyrir
foreldra og börn sem MÆTA á fundinn, að lokinni
páskaeggjaleit er stefnan að hafa gaman saman í
íþróttahúsinu

Stjórn UMF Hvatar

